

22. gr.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem leiða kann af rekstrartruflunum er verða á veitunni vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir, ef rennsli í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða eða annarra nauðsynlegra framkvæmda veitunnar.

Þurfi að takmarka notkun heita vatnsins um lengri eða skemmri tíma ákveður hitaveitan hvar og hvernig hún skuli takmörkuð. Takmörkunin hefur ekki áhrif á greiðslu fastagjalda.

Stöðvun eða óviðráðanlegar breytingar á rekstri veitunnar eða hluta hennar skal tilkynna svo fljótt sem unnt er og koma á eðlilegum rekstri aftur strax og því verður við komið.

23. gr.

Nú vanrækir húseigandi/notandi að vinna verk sem honum ber samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, er hitaveitunni þá heimilt að undangenginni skriflegri aðvörun að stöðva afhendingu á heitu vatni til hans.

24. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari skulu hafa beint aðfararhæfi skv. 10. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför sbr. 79. gr. laga nr. 58/1967.

25. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

26. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

27. gr.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Borgarbyggðar er hér með staðfest samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 og orkulögum nr. 58/1967 til að öðlast gildi 1. janúar 1996.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hitaveitu Borgarness er heimilt að beita ákvæðum 79. gr. laga nr. 58/1967 til innheimtu þeirra skulda sem fyrirtækið yfirtekur af HAB vegna skulda notenda á orkuveitusvæði fyrirtækisins.

Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1995.

F. h. r.

Porkell Helgason.

Steinunn Bjarman.

GJALDSKRÁ**Hitaveitu Borgarness.**

1. gr.

Hitaveitan selur heitt vatn úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð hitaveitunnar.

2. gr.

Fastagjald greiðist af öllu hituðu húsnæði. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Fastagjaldið reiknast út frá flatarmáli (F) samkvæmt fasteignamati. Flatamál bílgeymslna er ekki tekið með flatarmáli íbúðarhúsnæðis, nema þær séu notaðar sem íbúðar- eða atvinnuhúsnæði.

Fastagjald á mánuði = $F \times 11,25 \text{ kr/m}^2$, ef F er minna en eða jafnt 130 m^2 .

Fastagjald á mán. = $1462,50 \text{ kr.} + (F - 130) \times 6,75 \text{ kr/m}^2$, ef F er stærra en 130 m^2 .

3. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er:

- a) Þeir sem greiða fastagjald samkvæmt 2. gr. greiða 70,80 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.
- b) Þeir sem ekki greiða fastagjald samkvæmt 2. gr. greiða 94,35 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.

Gjaldið leiðréttist miðað við reiknað hitastig við húsvegg sbr. 18. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

4. gr.

Fyrir hvern mæli skal greiða gjald mánaðarlega.

Fyrir mæli með nafnrennsli allt að $6 \text{ m}^3/\text{klst.}$: 234 kr/mán.

Fyrir mæli með nafnrennsli yfir $6 \text{ m}^3/\text{klst.}$: 418 kr/mán.

5. gr.

Komi til lokunaraðgerða, sbr. reglugerð Hitaveitu Borgarness, skal greiða gjald 3.020 kr. Fyrir aukaálestur af mæli skal greiða 775 kr.

6. gr.

Stofngjöld skal greiða af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupphitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Innifalið í stofngjaldi er heimæð allt að 25 m innan lóðarmarka og mælagrind.

Stofngjald skal vera:

Stærð húss:	Stofngjald:
allt að 250 m^3	67.980 kr.
251- 500 m^3	67.980 kr. + $162,20 \text{ kr/m}^3$ yfir 250 m^3
501- 1500 m^3	108.530 kr. + $95,00 \text{ kr/m}^3$ yfir 500 m^3
1501- 6000 m^3	203.530 kr. + $61,00 \text{ kr/m}^3$ yfir 1500 m^3
yfir 6000 m^3	478.030 kr. + $48,00 \text{ kr/m}^3$ yfir 6000 m^3

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambylishúsi skal vera 51.230 kr. Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

Fyrir fleiri mælagrindur en eina skal greiða sérstakt mælagrindargjald. Mælagrindargjald er 15.500 kr/grind.

Gjald fyrir heimæðar, sem eru lengri en 25 m innan lóðarmarka, 3.100 kr/m umfram 25 m.

7. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar í desembermánuði 1995, 205,1 stig.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. janúar 1996 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1995.

F. h. r.
Porkell Helgason.

Steinunn Bjarmann.

REGLUGERÐ

um dvöl útlendinga, sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, hér á landi.

Koma til landsins og dvalarleyfi.

1. gr.

Útlendingi (EES-útlendingi), sem fellur undir reglur samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er heimilt að koma til landsins án sérstaks leyfis og dvelja eða starfa hér í allt að þremur mánuðum. Dvöl í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð kemur ekki til frádráttar á lengd dvalartíma.

EES-útlendingi, sem dvelur eða starfar hér á landi lengur en þrjú mánuði, er skylt að hafa dvalarleyfi. Þetta á þó ekki við um útlending sem starfar hér en hverfur að jafnaði til heimilis í öðru EES-ríki a.m.k. einu sinni í viku.

Útlendingur, sem er undanþeginn dvalarleyfi skv. 2. mgr., skal innan tveggja vikna frá því hann hóf starf, tilkynna það til útlendingaeftirlitsins.

Sækja má um dvalarleyfi eftir að komið er til landsins.

2. gr.

Ákvæði reglugerðar um eftirlit með útlendingum gilda um danska, finnska, norska og sænska ríkisborgara. Ríkisborgarar þessara landa, sem uppfylla skilyrði til þess, geta sótt um dvalarleyfi samkvæmt reglum þessum og öðlast réttindi í samræmi við það.

Ríkisborgurum annarra EES-ríkja en greinir í 1. mgr. er heimilt að koma til landsins án vegabréfsáritunar, enda hafi þeir við komuna gilt vegabréf eða annað viðurkennt kennivottorð.

Aðstandendum EES-útlendinga, sem ekki eru ríkisborgarar EES-ríkis, er heimilt að koma til landsins, enda hafi þeir við komuna gilt vegabréf, eftir atvikum með vegabréfsáritun, eða annað viðurkennt kennivottorð. Þeir þeirra sem þurfa vegabréfsáritun til að koma til landsins eiga rétt á að fá slíka áritun, enda sanni þeir fjölskyldutengsl sín við EES-ríkisborgarann.

EES-útlendingar sem eiga rétt á dvalarleyfi.

3. gr.

EES-útlendingur á rétt á dvalarleyfi, eftir umsókn þess efnis, ef hann framvísar því ferðaskilríki, sem hann komst inn í landið með, og gögnum sem sýna að hann, að uppfylltum frekari skilyrðum í 4.-7. gr.:

- er launþegi sem fellur undir 2. tölu. V. viðauka við EES-samninginn (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68 og nr. 312/76) um frelsi launþega til flutninga innan EES,